



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 18. febrúar 2013

Ákvörðun nr. 2/2013

Samruni Ísfells ehf. og Dímon Línu ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um samruna Ísfells ehf. (Ísfell) og Dímon Línu ehf. (Dímon Lína) þann 1. febrúar 2013. Samkeppniseftirlitið tilkynnti samrunaaðilum þann 13. febrúar 2013 að eftirlitið liti svo á að framangreind tilkynning væri fullnægjandi sbr. reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Í máli þessu er um að ræða kaup Ísfells á rekstri, umboði, viðskiptasamböndum og lausafjármunum Dímon Línu. Ísfell er fyrirtæki sem starfar á sviði veiðarfæraþjónustu og sölu á útgerðarvörum, björgunarvörum og ýmsum rekstrarvörum. Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með þessar vörur en að auki rekur Ísfell netaverkstæði undir heitinu Ísnet. Dímon Lína starfar einnig á sviði veiðarfæraþjónustu og hefur einbeitt sér að sölu veiðarfæra öðrum en togveiðarfærum og hefur verið öflug á markaði fyrir línu og króka. Starfsemi samrunaaðila skarast fyrst og fremst á veiðarfæramarkaði.

Ísfell hefur aðallega stundað sölu á veiðarfærum til netabáta og smærri línubáta. Það er mat samrunaaðila að fyrirtækið sé öflugt á markaði fyrir sölu á veiðarfærum til netabáta á Íslandi og hafi einnig sinnt minni línubátum en ekki haft árangur sem erfiði við þróun samkeppnishæfrar vörur fyrir stærri línubáta. Dímon Lína hafi hins vegar hlutdeild á þeim markaði auk þess sem fyrirtækið hafi byggt upp góða aðstöðu og þekkingu til uppsetningar á línu og meðhöndlun hennar, svo sem frekari þurrkun línunnar.

Með samrunanum vonast Ísfell til að komast inn á nýjan undirmarkað, markað fyrir sölu á veiðarfærum og þjónustu til stærri línubáta. Starfsemi Dímon Línu er talin fara vel saman með starfsemi Ísfells og henti vel fyrir núverandi starfsemi og viðskiptavinum félagsins. Á markaði fyrir beitu, þar sem fyrirtækin hafa verið með mjög svipaða vöru á boðstólum, sé markmiðið einnig að ná fram meiri hagræðingu á markaði með því að ná til stærri viðskiptavinahóps en áður.



II. Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Sá samruni sem hér um ræðir felur í sér að Ísfell kaupir rekstur Dímon Línu eins og framar segir. Með samrunanum verður til öflugra fyrirtæki á heildarmarkaðnum fyrir sölu á veiðarfærum til íslenskra útgerða. Með samrunanum mun staða Ísfells styrkjast óverulega á heildarmarkaði fyrir sölu á veiðarfærum og verður álíka há og hjá helsta keppinauti félagsins á þeim markaði. Þá mun Ísfell auk þess bæta við sig markaðshlutdeild á markaði fyrir sölu á beitu til útgerða. Áhrifin af umræddum samruna eru helst mælanleg á undirmarkað fyrir sölu á veiðarfærum til línubáta sem verður til þess að markaðshlutdeild Ísfells nær að vera álíka há og hjá helsta keppinauti félagsins á þeim markaði að mati samrunaaðila. Með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að viðkomandi samruni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Að öllu samanlögðu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Ísfells á rekstri Dímon Línu á grundvelli samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 9. janúar 2013, keypti Ísfell ehf. allan rekstur Dímon Línu ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Ísfells ehf. og Dímon Línu ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson